

ALLT UM ÁSTINA

Staðsetning: Menningarmiðstöðin í Gerðubergi. Sjá kort [hér!](#)

Dagsetning og tími: 24. febrúar 2022 kl. 9:00 - 14:00. 7 kennslustundir.

Verð: Fagaðili: 21.200

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað kennurum og starfsfólki sem kenna á starfsbrautum í framhaldsskóla

Hámarksfjöldi þátttakenda

Á þessu námskeiði er hámarksfjöldi 15

Lýsing

Allt um ástina er námskeið ætlað kennurum sem hafa huga á að kenna námsefnið á starfsbrautum í framhaldskólum landsins. Námskeiðið spannar 20 kennslustundir (hver kennslustund er 45 mín). Á námskeiðinu verður farið yfir verkefnabók sem skólar sem vilja kenna efnið þurfa sjálfir að kaupa áskrift að. Verkefnabókin byggist á ýmsum verkefnum og gagnvirkum leikjum. Efnistökin í verkefnabókinni fjalla um ástarmálin út frá ýmsum hliðum, samanber hvað er daður, hvernig kynnist maður öðrum með nán sambönd í huga og hvað greinir á milli heilbrigðra og óheilbrigðra ástarsambanda. Þá er einnig fjallað um kynlíf, getnaðarvarnir og kynsjúkdóma og um muninn á kynlífi og klámi. Einnig er reifaðir þættir um lög og reglur í tengslum við ólögleg sambönd. Þá er fjallað um netið og hvernig megi stunda örugg samskipti í raun- og netheimi með uppbyggjandi hætti. Námskeiðið byggist aðallega á fyrirlestrum og verkefnavinnu (úr verkefnabókinni sem ætluð er nemendum) og umræðum.

Markmið

Efla færni kennara til að kenna námsefnið Allt um ástina.

Umsjón

María Jónsdóttir félagsráðgjafi

Thelma Rún van Erven sálfræðingur

Námskeiðsgjöld og greiðsluskilmálar

Skráning í námskeið er skuldbindandi og jafngildir samningi um greiðslu á námskeiðsgjaldi.

Skráningu á námskeiðið lýkur ?

Greiðsluseðlar verða þá sendir í innheimtu og þurfa þátttakendur að vera búnir að greiða fyrir eindaga sem er u.þ.b. viku fyrir námskeið.

Forföll/afskráningu þarf að tilkynna skriflega a.m.k. hálfum mánuði fyrir námskeiðsdag eða áður en skráningu lýkur með því að senda tölvupóst á fraedsla@greining.is. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins áskilur sér rétt til þess að innheimta skráningar- og umsýslugjald ef tilkynning berst eftir að skráningu á námskeið er lokið.

Nánari upplýsingar um greiðsluskilmála ásamt skráningar- og umsýslugjaldi má finna [hér](#).
Lýsing námskeiðs